



Reykjavík, 16. ágúst 2019

Kæri viðskiptavinur, birgi og samstarfsaðili,

Við viljum greina þér frá því að nafni HB Granda hf. hefur verið breytt í Brim hf. Jafnframt breytist merki félagsins. Nýtt nafn fellur vel að tilgangi félagsins sem er að markaðssetja og selja afurðir sínar á verðmætum alþjóðamörkuðum fyrir sjávarafurðir.

Kennitala félagsins er óbreytt, eins reikningsupplýsingar, leyfisnúmer, heimilisföng og símanúmer. Heimasíða félagsins er nú www.brim.is og netföng starfsmanna breytast til samræmis og fá endinguna @brim.is.

Brim er einfalt og þjáltnafn sem þegar er þekkt á alþjóðamörkuðum fyrir sjávarafurðir. Merkið myndar þrjár öldur. Öldurnar tákna annars vegar brim, sem brýtur nýja leið í viðskiptum og hins vegar mynda þær fisk, sem er tákn fyrir afurðir fyrirtækisins. Blái liturinn stendur fyrir lit sjávarins og silfrið tákna þau verðmæti sem Brim skapar.

Við lítum til framtíðar með tilhlökkun og eftirvæntingu. Við hjá Brim vonumst eftir góðu samstarfi við þig í framtíðinni alveg eins og hingað til.

Kær kveðja, f.h. Brims hf.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri